



**464. fundur
haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 9. september 2010 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Lárus Ástmar Hannesson, Berglind Axelsdóttir, Gretar D. Pálsson, Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Lárus Ástmar Hannesson formaður bæjarráðs setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 1009011 - Fundargerð Safna og menningarmálanefndar, dags, 16.08.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2. 1009010 - Fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags, 16.08.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Þinghúshöfði í Stykkishólmi, deiliskipulagstillaga.

Lögð fram að nýju tillaga af deiliskipulagi við Bókhöðustíg og nyrðri hluta Skólastígs og Höfðagötu sem unnin var af Landlínnum dags. 19.03. 2010.

Deiliskipulagstillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til og með 3. júní s.l. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ólafi S. Ottóssyni og Steinunni Árnadóttur Bókhöðustíg 17 dags. 11.05.´10, Aðalheiði Sigurðardóttur og Guðmundi Lárussyni Skólastíg 4, dags. 27.05.´10, Orkuveitu Reykjavíkur dags. 31.05.´10, Tryggva Gunnarssyni Höfðagötu 7, dags. 31.05.´10, Unni Steinsson og Ásgeiri Ásgeirssyni Skólastíg 8, dags. 1.06.´10, Hergard Jensen Skólastíg 10, dags. 1.06.´10, Ingibjörgu Þorvaldsdóttur Bókhöðustíg 9, dags. 2.06.´10, Sigurborgu Sturludóttur og Þorsteini Jónssyni Skólastíg 6, 3.06.´10, Skarphéðni Bergi Steinarssyni Skólastíg 5, dags. 3.06.´10, Ástu Hermannsdóttir og Sindra Ellertsson Csillag dags. 1.06.´10. Einnig er lögð fram umsögn Húsafríðunarnefndar Ríkisins dags. 16. 02.´10.

Farið var yfir athugasemdir hagsmunaaðila. Nefndin leggur til að athugasemdum ásamt umsögn skipulags- og byggingarnefndar dags 16.08.2010, verði vísað til skipulagshöfunda, til frekari úrvinnslu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Gretar kom með eftirfaandi ábendingu.

Liður 7.b. lóðamörk verði einn metri út frá norðurkafla Bókhöðustíg 7.

Liður 2 Narfeyri ehf /Baldur Þorleifsson sækir um að byggja einbýlishús að Skúlagötu 25, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni og Brynjari Daníelssyni dags 15.08.2010, stærðir :116,6 m², 367,7 m³.

Erindi samþykkt.

Gyða vék af fundi undir lið 2 vegna tengsla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Höfðagata 11, að breyta bílskúr í íbúðarherbergi.



Gistiver ehf. kt. 670409-0660 óskar eftir leyfi til að breyta bílskúr í íbúðarherbergi samkvæmt teikningum dags 12.08.2010.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Silfurgata 15, klæða hús.

Björn Björnsson sækir um f.h. annarra eigenda hússins að klæða 1. og 2. hæð þess með bárujárn, sbr. umsókn 11. 08.2010. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 Smiðjustígur 2a, auglýsingaskilti.

Pétur Ágústsson sækir um fyrir hönd Sæferða ehf, að setja upp viðbótarskilti á viðbyggingu hússins sbr.tölvupóst dags. 27.07. 2010. Samþykki meðeigenda hússins liggur fyrir.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Liður 6 Skúlagata 18. Endurnýjun á byggingarleyfi.

Kristján Sigurbjarnarson sækir um endurnýjun á byggingarleyfi frá 2008, sem felst í niðurrifi og endurbyggingu á forstofu og að byggja viðbyggingu aftan við húsið. Einnig hækkun á þaki með kvista- og gluggasetningu, ásamt alhliða endurbótum á húsinu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektarstofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008. Stærðir nýbyggingar: 53,3 m², 225,6 m³. Umsögn Húsfriðunarnefndar ríkisins frá 15. mars 2008 liggur fyrir. Byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og nr. 20. Engar athugasemdir bárust. Samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir eigendum Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og 20.

Afgreiðsla málsins frestað.

Fundargerð samþykkt.

3. 1009009 - Fundargerð Skólanefndar tónlistarskólans, dags, 18.08.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 4 umsóknir nemenda í tónlistarskólans eru (enn sem komið er) 112 og skiptast þær þannig: 78 grunnskólanemendur, 18 fjölbrautaskólanemendur og 16 fullorðnir. Stefnt er að því að kennsla hefjist um miðja næstu viku og verður skólaárið 35 kennsluvikur. Margar umsóknir hafa komið á slagverk og þyrfti að auka kennsluhlutfall Hafþórs, sem er í 25% stöðu, í 50%. Það vantar því 5 tíma í viðbót á slagverkið og þá myndu slagverksnemendur fá kennslu í eina klukkustund á viku í stað hálf tíma. Þessu var vísað í bæjarráð (Daði fór af fundi). Stefnt er að því að taka þátt í Nótunni, sem er uppskeruhátíð tónlistarskólanna, og lokahátíð tónlistarskólanna sem er síðasta laugardag í mars. Uppskeruhátíð tónlistarskóla



Stykkishólms verður haldin á Degi tónlistarskólanna síðasta laugardag í febrúar.

Samþykkt að auka kennsluhlutfall Hafþórs úr 25% í 50%.

Fundargerð samþykkt.

4. 1009007 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags, 26.08.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

5. 1009006 - Fundargerð atvinnumálanefndar, dags, 17.08.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 1

Tillaga 1: Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að gera úttekt á umfangi svartrar atvinnustarfsemi í Stykkishólmi og gera tillögur um hvernig unnið verði gegn slíkri starfsemi.

Einnig verði nefndinni falið að kanna hvort mögulegar tengingar geti verið á milli svartrar atvinnustarfsemi og einstaka skráningum atvinnulausra í Stykkishólmi.

Nefndin tekur vel í að reynt verði að sporna við svartri atvinnustarfsemi og leggur til að setja tengla inn á heimasíðu Stykkishólmsbæjar við t.d. Vinnumálastofnun og RSK. Einnig rætt um átakið „Allir vinna“ og að setja einnig tengil á þá síðu. Lagt til að Stykkishólmsbær auglýsi þessa tengla og tilgang þeirra á vefsíðu bæjarins.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Liður 2

Tillaga 2: Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að haf forgöngu um gerð stefnumótunar í atvinnumálum í Stykkishólmi með það að markmiði annars vegar að hleypra styrkari stöðum undir núverandi atvinnulíf og hins vegar að skilgreina markhópa atvinnugreina sem æskilegt væri að laða eða setja upp í Stykkishólmi.

Magnús rifjaði upp með okkur að þetta mál hafi verið rætt áður á atvinnumálanefndarfundum og nefndin hafi áður bent á að stefnumótun í atvinnumálum sé best sett í höndum þeirra sem þekkingu og reynslu hafa í slíkum málum. Ólafur mælti með því að leitað væri til sérfræðings í stefnumótun.

Nefndin leggur til að leitað verði eftir sérfræðingi í stefnumótun til ráðgjafar og jafnvel til að leiða það starf. Það sparar tíma og afraksturinn ætti því að vera vandaðri stefnumótun í atvinnumálum fyrir Stykkishólmi. Telur nefndin mikilvægt að vandað sé til vals á slíkum sérfræðingi og horft verði m.a. til reynslu og fyrri verka aðilans.

Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir 2011.

Önnur mál:

Tillaga kom frá Magnúsi um að leggja til við Grunnskóla Stykkishólms og jafnvel Fjölbautaskóla Snæfellinga að koma af stað verkefnum/ og eða áfanga sem hefðu það að markmiði að stuðla að hugmyndflæði og nýsköpun í atvinnumálum á svæðinu m.t.t. þeirra auðlinda sem okkar svæði hefur upp á að bjóða. Þar mætti jafnvel hugsa sér að ungmenni gætu unnið verkefni fyrir einstök fyrirtæki eða atv.greinar. Magnús sagði frá fyrirlestri Guðjóns M. Guðjónssonar frá Hugmyndaráðuneytinu sem haldinn var í mars s.l. Ef tillagan fær brautargengi væri t.d. hægt að leita til hans með lausnir á hvernig best væri að setja verkefnið upp. Samþykkt að leggja þetta til við Stykkishólmsbæ og FSN.



Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna að málinu.

Fundargerð samþykkt.

6. 1009018 - Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar, dags, 30.08.2010 (nr.39).

Fundargerð framlögð.

Liður 5 Félagsmiðstöð

Lagt er til að húsnæði verði fundið sem fyrst og mikilvægt er að ráða 1 – 2 starfsmenn sem helst hafi áhuga á og reynslu af starfi með börnum og unglingum.

Verið er að skoða húsnæði.

Samþykkt að auglýst verði eftir starfsmanni í Félagsmiðstöð.

Fundargerð samþykkt.

7. 1009019 - Fundargerð Fræðslunefndar, dags. 25.08.2010 (nr.107).

Fundargerð framlögð.

Bæjarráð samþykkir óbreytt matarverð í Grunnskólanum.

Fundargerð samþykkt.

Aðrar fundargerðir.

8. 1009022 - Fundargerð 776. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags, 26.08.2010.

Framlagt.

9. 1009020 - Fundargerð 54. fundar stjórnar Félags og skólaþjónustunnar dags. 24.08.2010.

Framlagt.

Lóðaumsóknir

10. 1009004 - Umsókn Þórishólma ehf, dags, 26.08.2010 um lóð að Hamraendum 4.

Samþykkt að veita Þórishólma ehf. lóðina að Hamraendum 4.

Erindi til kynningar.

11. 1008019 - Tölvupóstur jafnréttisstofu, dags,20.08.2010 varðandi boð á afmælisráðstefnu jafnréttisstofu þann 10. september.

Framlagt.

12. 1008016 - Bréf Fornleifaverndar ríkisins, dags, 10.08.2010 varðandi frágang á yfirborði Neshólsins í Stykkishólmi.

Framlagt.

13. 1008014 - Bréf Siglingastofnunar Íslands, dags, 10.08.2010 v. móttöku umsóknar um ríkisframlag til verkefna á sviði siglingamála.

Framlagt.

14. 1008013 - Fundarboð samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags,12.08.2010 vegna aðalfundar dagana 10.-11. september í félagsheimilinu Klifi Í



Snæfellsbæ.

Framlagt.

15. 1009014 - Tölvupóstur, dags. 16.08.2010 varðandi stöðuskýrslu í dreifmenntaverkefni Snæ-vest.

Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

16. 1009013 - Bréf embættis Sýslumanns Snæfellinga dags, 31.08.2010 varðandi umsögn um leyfi til heimagistingar.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina, en bendir á að viðkomandi verður að vera með lögheimili og búa á staðnum.

17. 1008022 - Tölvupóstur mennta og menningarmálaráðuneytisins, dags, 27.08.2010 varðandi úttektir á leik og grunnskólum.

Bæjarráð fagnar verkefninu. Bæjarstjóra falið að ganga frá umsókn.

18. 1008012 - Bréf Magnúsar A Sigurðarsonar dags, 10.08.2010 varðandi Farskóla félags Íslenskra safna og safnamanna.

Samþykkt að bjóða Farskóla félags Íslenskra safna og safnamanna upp á móttöku.

19. 1009015 - Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 31.08.2010 varðandi niðurstöðu ársreiknings 2009.

Bæjarstjóra, bæjarritara og endurskoðanda bæjarins er falið að koma með tillögu að svari við bréfi Eftirlitsnefndar, ásamt tillögu að nýrri þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Stykkishólmbæ fyrir árin 2011-2013.

20. 1009017 - Bréf Hafnasambands sveitarfélaga, dags, 16.08.2010 varðandi boðun á hafnarsambandsþing nr. 37 sem haldið verður í Stykkishólmi dagana 23 og 24 september.

Samþykkt að bjóða hafnarstjórn að sitja Hafnarsambandsþing sveitarfélaga.

21. 1009021 - Tölvupóstur Skipavíkur dags, 01.09.2010 varðandi samning um frístundalóðir.

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við forsvarsmenn Skipavíkur.

22. 1009023 - Tillaga Lárusar og Berglindar til umhverfisnefndar um svæðaskiptingu bæjarlands.

Tillaga samþykkt.

Gretar er sáttur við anda tillögunar, en telur orðalag tillögunar ekki nægilega skýrt.

23. 1009024 - Bréf Dagbjartar Höskuldsdóttur dags 07.09.2010 varðandi framlag til menningarhátíðar.

Samþykkt að veita framlag allt að 600.000 kr.

24. Lófaleiðasögn.

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við Anok um lófaleiðsögn.

25. Skipun vinnuhóps um framtíðarhlutverk Gamlaskóla og nánasta umhverfi.

Davíð Sveinsson, Gretar D. Pálsson og Gyða Steinsdóttir.

26. Tilnefning í stjórn FSH ehf.

Eftirtaldir tilnefndir:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Berglind Axelsdóttir og Gretar D. Pálsson

27. Heimsókn Gyðu og Gretars til Umferðarstofu.

Gyða gerði grein fyrir heimsókninni. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fjölda starfsmanna Umferðarstofu í Stykkishólmi.

464. fundur
9. september 2010



Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:30
Þór Örn Jónsson